

Samstarf foreldra og skóla

ÞAÐ ÞARF HEILT ÞORP TIL AÐ ALA UPP BARN

(AFRÍKST MÁLTÆKI)

Ytra mat 2019 – úr umbótaáætlun

- ❑ Tryggja að allir aðilar skólasamfélagsins eigi aðild að stefnumótun skólans
- ❑ Vinna og skrá, í samstarfi við foreldra, formlegt ferli ef ágreiningsmál koma upp
- ❑ Nýta grenndarsamfélagið/nærumhverfið enn betur
- ❑ Endurskoða vinnulag við undirbúning og fyrirlögn kannana á viðhorfum til skólans og um líðan nemenda og finna leiðir til að efla traust þátttakenda á að svör séu ekki rekjanleg
- ❖ Að í gildi sé samskiptaáætlun við foreldra sem stuðli að góðum samskiptum og upplýsingum um skólastarfið
- ❖ Að skólasamfélagið sé kallað til skrafs og ráðagerða reglulega
- ❖ Móta og skrá í samvinnu við foreldra samskiptaáætlun sem inniheldur verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála (skoða í samhengi við eineltis- og jafnréttisstefnur skólans og mannauðsstefnu Skútustaðahrepps)... stuðli að góðum samskiptum og upplýsingum um námslega stöðu nemenda

Samstarf heimila og skóla; lög og reglugerðir

...ber **starfsfólki** í hvítvetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk ...

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að **foreldrar** styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvítvetna, eigi gott **samstarf** við skóla, veiti skólanum viðeigandi **upplýsingar** og taki **þátt í námi** barna sinna og **foreldrastarfi** frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og **samráð kennara og foreldra** um nám og kennslu er mikilvæg **forsenda fyrir árangursríku skólastarfi**. ... Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

(Aðalnámskrá grunnskóla bls. 45)

Tengsl skóla og nærsamfélags; lög og reglugerðir

...virk tengsl við **nærsamfélag** sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir

...auka **fjölbreytni í námi**, t.d. valgreinum á unglíngastigi og til þess að **tengja nám nemenda veruleikanum í nærumhverfi**

...snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi

...skólar nýti möguleika sem bjóðast til að **tengja saman ólíkar kynslóðir í samfélaginu...**
(Aðalnámskrá grunnskóla bls. 46)

Skólafestna Skútustaðahrepps

Leiðarvísir um skólafest í sveitarfélaginu

Sérstaða sveitarfélagsins

Gildin: Jafnræði, jákvæðni, traust, virðing

Framtíðarsýn: Skólafest í Skútustaðahreppi hefur velferð og hagsmuni barna í forgangi þar sem lögð er áhersla á lýðheilsu, jafnrétti, fjölmenningu, **lýðræðislegt samstarf**, virðingu fyrir manngildi, sjálfbærni og **öflug tengsl við umhverfi og grenndarsamfélag** þar sem sérstaða nánasta umhverfis er nýtt til kennslu.

...grunnstefið í starfinu er **öflugt samstarf skóla og foreldra**. (Úr skólafestnu Skútustaðahrepps bls. 4)

Skólafestina Skútustaðahrepps

*Lögð verði áhersla á að nýta styrkleikana sem felast í nálægri náttúru og fámenni samfélagsins, m.a. að leggja áherslu á kenningu um nærsamfélagið og nánasta umhverfi í **samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir**. Listsköpun, útikennsla og náttúruvernd stuðli að eflingu samábyrgðar og virkni barna (bls. 7)*



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA](#)

Skólanámskrá og starfsáætlun

Gildin: Virðing, vellíðan, árangur.


- **Upplýsingagjöf** milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi.
- Námskynningar á haustin
- Móttökuáætlun vegna nýrra nemenda
- Jákvæður agi, öll samskipti séu jákvæð
- Foreldrafundir eða bekkjarfundir um ýmis málefni t.d. skólaferðalag, valgreinar.....
- Foreldraviðtöl tvisvar á ári, upplýsingar um stöðu nemenda í námi og starfi
- Mentor, tölvupóstur, símtöl.
- Heimasíða

Skólanámskrá og starfsáætlun

- Heimanám
- Dagskrá mánaðarins, matseðill og helstu viðburðir
- Áætlanir í bekkjum og skóladagbækur (liður í að upplýsa foreldra um skólastarfið)
- Foreldrar alltaf velkomnir í skólann, sérstök boð af og til, t.d. jólaþema
- Fjáröflun fyrir skólaferðalag, þátttaka foreldra í unglingadeild
- Þátttaka foreldra í nefndum skólans: Heilsueflandi skóli, nefnd um útikennslusvæði (ath með aðrar nefndir: jákvæður agi og umhverfisnefnd)
- Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi – spurningalistar, skólaráð
- Þorrablót – þátttaka foreldra
- Skólaráð – skv. lögum, koma þannig að málum sem varða hagsmuni heildarinnar, þátttaka í ákvörðunum
- Foreldrafélag – stjórn – bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk – allir foreldrar eru í foreldrafélaginu

Samstarf við nærumhverfi


- Mývetningur – íþróttá- og ungmennafélag – samstarf um íþróttaskóla
- Tengsl leik- og grunnskóla - áætlun
- Tengsl við framhaldsskóla - áætlun
- Tónlistarskólinn – nemendur fara í tónlistarnám á skólatíma – flutningur
- Samstarf við íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps og sundlaugina á Laugum
- Starfskynningar í fyrirtækjum í Mývatnssveit – unglingar á vorin
- Grunnskólar í Þingeyjarsveit – heimsóknir unglunga milli skóla
- Félags- og skólaþjónusta Norðurþings.



Skólasamfélag

6. FORELDRAR OG GRENNDARSAMFÉLAG



1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
Upplýsingamiðlun				
Upplýsingar til foreldra um niðurstöður prófa.		Foreldrar fá margvislegar upplýsingar og fréttir, svo sem í gegnum upplýsingakerfi og á vefsíðu skólans.		Gagnkvæm upplýsingamiðlun, s.s. um liðan, nám og framfarir nemanda milli kennara og foreldra.
Samskipti og samstarf				
Samskiptin eru að frumkvæði skólans og á forsendum hans.		Reglubundin foreldraviðtöl. Foreldrum er einnig boðið á fundi og á viðburði í skólanum.		Foreldrar eru samstarfsmenn og hafa jafnt sem skólinn frumkvæði að samstarfi um nám og liðan nemenda.
Þátttaka				
Foreldrar taka ekki þátt í skólastarfinu.	Foreldrar taka þátt í félagsstarfi nemenda, s.s. ferðum og foreldrakvöldum.	Foreldrar eiga fulltrúa í skólaráðum; ákveðnir foreldrar taka að sér að vera bekkjarfulltrúar.		Foreldrar eru virkir samstarfsmenn skólans við eflingu jákvæðs skólabrags og skipulag skólans í heild. Þeir taka þátt í mati á framförum barna sinna og gerð einstaklingsáætlana.
Tengsl skóla og grenndar/nærumhverfis				
Tengsl skóla og grenndarsamfélags eru tilviljanakennd og háð áhuga kennara. Gestir í skólann eru fátíðir og sinna aðallega fræðsluhlutverki.	Teymi kennara í sumum árgöngum ákveða umfang og inntak náms í nærumhverfinu eða með aðilum utan frá.	Tengsl við grenndarsamfélagið eru liður í skólanámskrá en markmiðum þeirra ekki lýst. Nemendur vinna að viðfangsefnum í útinámi, einkum í tengslum við náttúruna; nokkuð um að nemendur vinni að verkefnum með aðilum úr grenndinni.		Gagnkvæm tengsl skóla og grenndar eru fastur liður í skólastarfinu og markmiðum og leiðum lýst í skólanámskrá. Verkefni nemenda utan skólabýggingar og í samvinnu við aðila úr grenndarsamfélaginu eru liður í námsáætlunum nemenda.

Umræða í hópum

- Hvað finnst ykkur vera mikilvægt og gagnlegt í núverandi samstarfi skóla og foreldra?
- Hvaða þáttum finnst ykkur að þyrfti að bæta við eða breyta?
- Hvernig finnst ykkur að hægt sé að bæta tengsl grenndar/nærumhverfis og skólans?

- Hver hópur velur sér talsmann, ritara og tímavörð.
- Farið verður yfir niðurstöður hópanna.
- Unnið verður áfram með niðurstöður hópanna við endurbætur samstarfsáætlunar.